

Fundargerð 890. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 30. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Bjarni Jónsson boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 888. og 889. fundar - 2009100SA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerðir 888. og 889. fundar stjórnar sambandsins frá 29. september og 16. október 2020.

Fundargerðirnar samþykktar og verða undirritaðar á næsta fundi sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

2. Fundir Jónsmessunefndar - 2009367SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 23. og 28. september og 14. október 2020.

Kristján Þór kom inn á fundinn kl. 12:10.

3. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 56. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 5. október 2020. Stjórnin ræddi um nýlega umfjöllun í fjölmiðlum um misbresti á því að markmið um endurvinnslu náist og að vísbendingar séu um að endurskoða þurfi hvernig fjárhagslegum hvötum er varið til endurvinnslu, þannig að kerfið stuðli að meiri endurvinnslu, helst sem mest innanlands. Jafnframt var rætt að þörf sé á að auka verulega gagnsæi í starfsemi og regluverki Úrvinnslusjóðs. Samþykkt var svohljóðandi bókun:

Stjórnin telur brýnt að tryggja að sérsöfnun skili ávallt betri nýtingu hráefna og að fullvissa sé fyrir að endameðhöndlun sé samkvæmt stefnu stjórnvalda og markmiðum um endurvinnslu úrgangs. Koma þarf á ábyrgara og gagnsærra kerfi úrgangsstjórnunar þar sem nýttir eru hagrænir hvatar og framleiðendaábyrgð er í forgrunni.

Stjórnin ákvað að á vinnufundi stjórnar í nóvember fari fram kynning á starfsemi Úrvinnslusjóðs ásamt því að fulltrúar sambandsins í stjórn sjóðsins geri grein fyrir sínum áherslum við hagsmunagæslu af hálfu sveitarfélaga.

4. Fræðslumálanefnd - 2009079SA

Lögð fram fundargerð 128. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 12. október 2020.

5. Félagsþjónustunefnd - 2009307SA

Lögð fram fundargerð 51. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 14. október 2020.

Stjórnin leggur áherslu á að sambandið og sveitarfélögin fái formlega aðkomu að gerð frumvarps um öryggisgæslu og öryggisvistun til að tryggja hagsmuni sveitarfélaga í þessu máli.

Formaður gerði fundarhlé kl. 13:00-13:25 til að stjórnarmenn gætu fylgst með blaðamannafundi forsætisráðherra vegna hertra aðgerða vegna Covid-19.

6. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lagðar fram fundargerðir 1. og 2. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 30. september og 7. október 2020. Fjóla María Ágústsdóttir, verkefnisstjóri stafrænnar frampróunar mætti á fundinn undir lið 6 og 7 og gerði grein fyrir verkefni ráðsins og hvernig starfið hefur farið af stað.

Stjórn sambandsins lýsir yfir ánægju með að stafrænt ráð sveitarfélaga sé tekið til starfa og væntir mikils af starfi þess.

7. Erindisbréf fyrir stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009018SA

Lagt fram erindisbréf fyrir stafrænt ráð sveitarfélaga, dags. 8. október 2020.

Erindisbréfið samþykkt.

Eypór Laxdal Arnalds vék af fundi kl. 13:45.

8. Drög að dagskrá landsþings sambandsins - 2009390SA

Lögð fram drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2020.

Dagskrá landsþingsins samþykkt með þeim breytingum sem voru ræddar á fundinum. Framkvæmdastjóra og sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs falið að hefja undirbúning. Jafnframt samþykkt að skipuleggja stuttan morgunfund með öllum sveitarstjórnarmönnum landsins til að ræða fjármál sveitarfélaga.

9. Staða kjaramála - 2009187SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 26. október 2020, um stöðu kjaramála í október 2020.

10. Kjarasamningur - 2009114SA

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, dags. 23. október 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningu á samningnum.

Kjarasamningurinn staðfestur.

11. Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025 - 2010020SA

Lögð fram til kynningar og umræðu umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 22. október 2020, um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025.

Stjórnin þakkar fyrir ítarlega og vandaða umsögn. Stjórnin ítrekar fyrri samþykktir um að ríkið styðji sveitarfélögin fjárhagslega með almennum og sértækum hætti vegna neikvæðra áhrifa Covid-19 á fjárhag sveitarfélaga og hvetur fjárlaganefnd Alþingis til að verða við kröfum sambandsins um breytingar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021 og tillögu að fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025.

12. Ungmennaráð sveitarfélaga - aldursviðmið - 2009067SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 28. október 2020, um minnisblað um ungmennaráð í tilefni af bréfi stjórnar FÍÆT, dags. 8. október sl., ásamt fylgiskjali.

Nokkrar umræður voru um málið sem unnið verður frekar úr við áframhaldandi vinnslu málsins.

13. Ákvörðun ríkisstjórnar um að falla frá áformum um urðunarskatt - 2009104SA

Lagt fram bréf Aðalbjargar Egilsdóttur, ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála, Sigrúnar Jónsdóttur, þátttakanda í skipulagshópi loftslagsverkfallsins og Þorgerðar M. Þorbjarnardóttur, formanni Ungra umhverfissinna, dags. 13. október 2020, um ákvörðun ríkisstjórnar um að falla frá áformum um urðunarskatt.

Stjórnin þakkar Ungum umhverfissinum fyrir jákvætt framlag til umhverfismála og þann áhuga sem félagið sýnir mikilvægi þess að grípa til aðgerða í loftslagsmálum. Stjórnin vísar á hinn bóginn til umsagnar sambandsins um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2020, þar sem farið er ítarlega yfir helstu röksemdir gegn því að taka upp urðunarskatt. Við þær röksemdir má síðan bæta að í því erfiða efnahagsástandi sem nú varir er enn síður raunhæft að leggja auknar álögur á sveitarfélög, heimili og fyrirtæki.

14. Tillaga um endurtilnefningu í skipulagsmálanefnd sambandsins - 2009346SA

Lögð fram tillaga um endurtilnefningu í skipulagsmálanefnd sambandsins, dags. 27. október 2020.

Samþykkt að tilnefna Svein Pálsson byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar í skipulagsnefndina í stað Bárðar Guðmundssonar sem hefur látið af störfum sem byggingarfulltrúi. Einnig samþykkt að tilnefna Pawel Bartoszek, varaformann samgöngu- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, tímabundið sem varamann Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur sem óskað hefur eftir tímabundnu leyfi frá setu í nefndinni í þrjá mánuði.

15. Tilnefning í Barnvænt Ísland - 2009637SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 30. september 2020 þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Kristinn Jakob Reimarsson, sviðsstjóri samfélagssviðs Akureyrarbæjar, eru tilnefnd í Barnvænt Ísland.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

16. Tilnefning í starfshóp vegna samráðs um frumvarp til nýrra heildarlaga um barnavernd - 2009723SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 30. september 2020, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar, eru tilnefndar í starfshóp vegna samráðs um frumvarp til nýrra heildarlaga um barnavernd.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

17. Tilnefning í starfshóp um framkvæmd tillögu 2.1 í skýrslu samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda - 2010045SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 26. október 2020, þar sem Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur í starfshóp um framkvæmd tillögu 2.1 í skýrslu samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

18. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun undanþágukafla aðalnámskrár grunnskóla - 2010025SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 27. október 2020 þar sem Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur í starfshóp um endurskoðun undanþágukafla aðalnámskrár grunnskóla.

19. Umsögn um drög að viðmiðunarstundaskrá grunnskóla - 2009003SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 1. september 2020, um drög að breytingu á viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011.

20. Umsögn um frumvarp til breytinga á jarðalögum - 2009703SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 25. september 2020, um frumvarp til breytinga á jarðalögum, mál nr S-186/2020.

21. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt - 2009714SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 28. september 2020, um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt, mál nr. 188/2020.

22. Umsögn um drög að frumvarpi til skipulagslaga - raflínuskipulag o.fl. - 2009205SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 30. september 2020, um drög að frumvarpi til skipulagslaga (raflínuskipulag o.fl.), mál nr. S-123/2020.

23. Umsögn um drög að reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla - 2009694SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 1. október 2020, um reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla, mál nr. 176/2020.

- 24. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - 2010003SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- auðlindaráðuneytisins, dags. 1. október 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (markmiðsákvæði, endurskoðun hættumats, sektir o.fl.), mál nr. S-192/2020.
- 25. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur - 2009707SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 1. október 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, mál nr. S-193/2020.
- 26. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum - 2010016SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 8. október 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, mál nr. S-198/2020.
- 27. Umsögn um drög að frumvarpi um opinberan stuðning við nýsköpun - 2010014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 8. október 2020, um drög að frumvarpi um opinberan stuðning við nýsköpun, mál nr. S-202/2020.
- 28. Umsögn um áform um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf - 2010011SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 8. október 2020, um áform um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf, mál nr. 196/2020.
- 29. Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof - 2010006SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 7. október 2020, um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, mál nr. S-195/2020.
- 30. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um þjóðkirkjuna - heildarlög - 2010027SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. október 2020, um drög að frumvarpi til laga um þjóðkirkjuna (heildarlög), mál nr. S-206/2020.
- 31. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum - skipt búseta barns - 2010028SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 27. október 2020, um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns), 11. mál.
- 32. Frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum - 2009266SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. september 2020, vegna fyrirhugaðra breytinga á barnaverndarlögum.

33. Fundargerð vegna fundar með verkefnisstjórn um mótun landbúnaðarstefnu - 2009612SA

Lögð fram til kynningar fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga með verkefnastjórn um gerð landbúnaðarstefnu frá 21. október 2020, ásamt fylgiskjali. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu.

Fundi var slitið kl. 14:40

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari